

Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8 – 10	Dagsetning 4. desember 2006	Tilvísun A-8 SP/bb
---	--------------------------------	--------------------------

150 REYKJAVÍK.

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar frá 24. nóv. sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um skráningu og mat fasteigna, 350. mál, framlenging umsýslugjalds.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að framlengja innheimtu umsýslugjalds á árinu 2007 og 2008. Svo sem fram kemur í 1. gr. frumvarpsins nemur gjaldið 0,1 prómilli af brunabótamati og er það innheimt af húseigendum samhliða innheimtu brunatryggingariðgjalda. Gjaldinu er ætlað að standa straum af kostnaði Fasteignamats ríkisins “við að halda og þróa” Landskrá fasteigna.

Til svars erindinu skal tekið fram að nú stendur yfir athugun að beiðni þingflokks Frjálslyndaflokksins á nánar tilgreindum þáttum í fjárreiðum Fasteignamats ríkisins. Meðal þess sem athugunin nær til er innheimta og ráðstöfun umsýslugjalds, sem ofangreint frumvarp lýtur að. Þar sem athuguninni er ekki lokið treystir Ríkisendurskoðun sér ekki til að svo stöddu að tjá sig um efni frumvarpsins en stofnunin mun reyna að ljúka verkefninu svo fljótt sem kostur er. Í framhaldi af því mun hún gera nefndinni grein fyrir niðurstöðu sinni.

  
